



4. forsetabréf starfsárið 2011 – 2012

Kæru formenn - allar systur!

Hápunktur starfsársins, Landssambandsfundurinn, sem haldinn verður á vegum systra í Mosfellssveitarklúbbsi 28. apríl næstkomandi, minnir á sig með hækkandi sól.

Á landssambandsfundum er síðasta starfsár „gert upp“ og stefna mótuð um verkefni og starfið fram undan. Mikinn fróðleik er jafnan að sækja til embættismanna, sem gefa skýrslur um framvindu mála, hver á sínu sviði. Ég minni á mætingaskyldu embættismanna klúbba og hvet jafnframt allar systur til að einsetja sér að koma á landssambandsfundi, kynnst, fræðast og njóta gefandi samvista.

Máltækið góða um „*að hver uppskeri eins og hann sái*“ á sérstaklega vel við um þátttöku í starfsemi Soroptimista. Virk þátttaka gefur margfalt til baka, með nýjum kynnum og aukinni þekkingu og reynslu.

Á hverju ári þarf að kjósa í embætti á vegum Landssambandsins. Kjörtímabil er tvö ár.

Embætti sem nú eru laus eru:

Gjaldkeri	2012-2014 –	ein kona
Varaorseti	2012-2014 –	ein kona
Sendifulltrúi	2012-2014-	ein kona
Varasendifulltrúi	2012-2014-	ein kona
Skoðunarmaður reikninga	2012-2014-	ein kona
Umsjón með vefsíðu	2012-2014-	ein kona
Í laga- og reglugerðanefnd	2012-2014-	ein kona
Í útbreiðslunefnd	2012-2014-	ein kona
Í fjárhagsnefnd	2012-2014-	ein kona
Í sjóðanefnd	2012-2014-	ein kona
Ritnefnd Fregna	2012-2014-	fimm konur ⇒ <u>úr sama klúbbsi</u>

Áskorun: Hér gefast ykkur spennandi tækifæri – grípið þau – bjóðið ykkur fram til starfa! Framboð þarf að tilkynna sem allra fyrst – og ekki seinna en 16. febrúar!

Eindagar

Mál sem leggja á fyrir Landssambandsfund þurfa að berast til forseta og ritara fyrir 16. febrúar. Sama á við um skýrslur embættismanna stjórnar og nefnda Landssambandsins.

Action Fund: Umsóknarfrestur um framlag úr Verkefnasjóði SI/E, Action fund, („Viðlagasjóði“) er til 28. febrúar. Umsóknareyðublöð koma væntanlega inn á vefinn okkar í þessari viku. Umsóknir berist beint til SI/E.

10. desember ákallið: Birthing in the Pacific

Ég þakka þeim klúbbum sem ákváðu að styrkja verkefnið fyrir þátttökuna og bendi á að upphæðina þarf að senda til gjaldkera Sambandsins, Önnu Þórðardóttur, - með skýringu - sem allra fyrst. Það var ánægjulegt að finna hlýhug ykkar og samkennd með kynsysturum okkar á þessari fjarlægju eyju í verki.

Handbók Soroptimista

Ötull hópur reyndra systra vinnur nú að gagngerum endurbótum á Handbókinni, undir stjórn Kristínar Einarsdóttur, fyrrverandi landssambandsforseta.

Nýr starfsgreinalykill

Nú er frestur til að senda starfsgreinanefnd athugasemdir um starfsgreinalykilinn útrunninn. Okkar duglegu systur í nefndinni vinna nú ötullega að frágangi hans.

Vefurinn okkar

Stöðugt er reynt að uppfæra vefinn en það er talsvert verk að hafa yfirsýn yfir allt efni þar. Hólmfríður vefstjóri, og Helga, umsjónarmaður nafnalistans, geta ekki „leitað að“ því sem betur má fara eða þarf að leiðrétta. Það er okkar allra hagur að öll gögn á vefnum - og allar upplýsingar í félagatalinu - séu rétt á hverjum tíma.

Ég beini því til allra systra að þið farið yfir það efni sem „að ykkur snýr“ og verið duglegar að gefa ábendingar um það sem betur má fara; um úrelt efni, um upplýsingar sem vantar og/eða lagfæringar sem gera þarf á félagatalinu. Eðlilegt er að ritara klúbbanna sendi ábendingar áfram til Ásdísar, ritara landsambandsins.

Einnig hvet ég ykkur til að senda Sigríði, upplýsingafulltrúa, fréttir og myndir af verkefnum ykkar og öðrum viðburðum á vegum klúbbanna. Hún sér um að setja slíkar fréttir á vefinn, okkur hinum til fróðleiks og ánægju☺.

Samúðarkort

Í síðasta forsetabréfi kom fram að Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur sæi um sölu á samúðarkortunum sem Landssambandið lét útbúa, sér til fjáröflunar. Sú breyting hefur orðið að Guðrún Erla Björgvinsdóttir, í Bakka- og Seljaklúbbi, hefur tekið að sér umsjón kortanna. Þau kosta eitt þúsund krónur hvert og sér GEB um afhendingu þeirra og um að koma greiðslum til gjaldkera landssambandsins. Hægt er að hafa samband við Guðrúnu Erlu í gegn um síma eða með tölvupósti.

Hollvinir óskast

Enn beini ég því til systra og/eða klúbba á höfuðborgarsvæðinu að gerast „hollvinir“ Soroptimistalundarins okkar allra í Heiðmörk. Margar systur leggja leiðir sínar þangað í göngu- eða lautarferðum. Er ekki einhver ykkar sem vill vera talsmaður og „samviska“ systra þegar kemur að því að hlynna að þessari sameign okkar, benda á hvað helst þurfi að gera hverju sinni og aðstoða við að virkja hópinn til verka☺?

Landssambandsfundurinn

Eins og áður sagði vinna systur í Mosfellssveitarklúbbi nú hörðum höndum að undirbúningi Landssambandsfundarins laugardaginn 28. apríl næstkomandi.

Okkar bíður skemmtileg helgi - stefnum að því að hittast þá, taka þátt í mótun starfsins í samtökunum okkar og hafa gaman saman!

Kært kvaddar að sinni, hittumst heilar!

ykkar

Ingunn Ásdís

Forseti 2010 - 2012

Ingunn Ásdís Sigurðardóttir
Hólmagrund 22
550 Sauðárkrúkur
Sími 453 5245/8635245
holmagrund@gmail.com

Soroptimistasamband Íslands
Hamraborg 10
200 Kópavogur, Ísland
<http://www.soroptimist.is/is/forsida/> .
soroptimist@soroptimist.is

SI/E Headquarters Office
72 Route de Florissant
CH-1206, Genève, Switzerland
Tel 00-41-223460880
siehq@soroptimisteurope.org

Ingunn Ásdís Sigurðardóttir
Hólmagrund 22
550 Sauðárkrókur
Sími 453 5245/8635245
holmagrund@gmail.com

Soroptimistasamband Íslands
Hamraborg 10
200 Kópavogur, Ísland
<http://www.soroptimist.is/is/forsida/> .
soroptimist@soroptimist.is

SI/E Headquarters Office
72 Route de Florissant
CH-1206, Genève, Switzerland
Tel 00-41-223460880
siehq@soroptimisteurope.org